




SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI 2010 - 2022



Staðfest aðalskipulag Skagastrandar 2010-2022 frá 8. mars 2011.



Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skagastrandar 2010-2022.

Skýringar

- Íbúðarsvæði
- Miðsvæði
- Verslunar- og þjónustusvæði
- Svæði fyrir þjónustustofnanir
- Iðnaðarsvæði
- Athafnasvæði
- Svæði fyrir frístundabyggð
- Opín svæði til sérstakra nota
- Óbyggð svæði innan þéttbýlis neðan 60 m y.s
- Tengivegur ásamt 30 m veghelgunarsvæði
- Aðrir vegir (eingöngu til skýringar)
- Megin gönguleiðir (lega eingöngu til skýringar)
- Megin reiðleiðir (lega eingöngu til skýringar)
- Skurðir
- Mörk skipulagssvæðis/sveitarfélagsmörk

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann _____ 2013

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____ 2013

GREINARGERÐ

Sveitarfélagið Skagaströnd gerir óverulega breytingu á Aðalskipulagi Skagastrandar 2010-2022 skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem gerð er breyting á legu hitaveitu en fjallað er um hitaveitu í kafla 3.4.3. í greinargerð aðalskipulagsins. Þar sem markmiðið er að sem fyrst verði lögð hitaveita á Skagaströnd með tenging við hitaveitu Blönduós.

Í greinargerð segir að hjá RARIK, eiganda hitaveitu Blönduóss er í athugun að leggja hitaveitulögn til Skagastrandar. Stofnæð og dreifikerfi veitunnar hefur verið hannað að miklu leyti. Boruð hefur verið 1500 metra hola við Reyki í Húnavatnshreppi fyrir hitaveitu Blönduóss með það að markmiði að afla meira og heitara vatns vegna fyrirhugaðrar hitaveitu til Skagastrandar.

Einungis er gerð breyting á uppdrætti þar sem er breytt lega stofnæðar hitaveitu.

Ný lega stofnlögn hefur engin áhrif nema helst til bóta fyrir allt skipulag og byggð framtíðar. Í stað þess að hitaveitulögnin liggja um svæði sem er skilgreint sem óbyggð svæði liggur hún um opið svæði til sérstakra nota. Notkun í dag er með þeim hætti að í báðum tilfellum færi stofnlögn um svokölluð ræktunarlönd, tún sem sveitarfélagið leigir til frístundabænda og í leigusamningum er ákvæði um að sveitarstjórn geti lagt lagnir um hið leigða land. Breytt lega þýðir að óbyggða landið er í framtíðinni miklu líklegra til að verða skipulagt fyrir einhverskonar byggingar á næstu áratugum heldur en opið svæði til sérstakra nota sem stofnlögnin mun liggja um.

Stofnlögnin sem slík hefur ekki nokkur áhrif á núverandi landnotkun aðra en truflun á hefyng af þeim blettum sem lögnin fer um – næsta sumar. Sú truflun er þó líklegt til að vera óveruleg þar sem gert er ráð fyrir að yfirborðsfrágangur á landinu verði sem bestur og hartnær ár frá því jarðrask var gert þar til blettirnir verði heyjaðir. Þessi áhrif gilda um hvora leiðina sem er. Leigjendur að því landi sem stofnlögn mun liggja um hafa fengið bréf ásamt uppdrætti þar sem framkvæmdin er kynnt.



Aðalskipulag Skagastrandar 2010-2022



BREYTINGARUPPDRATTUR

Dags: 9. júlí 2013 Mkv: 1.10.000 Teikn: mó
Yngvi Þór Loftsson og Margrét Ólafsdóttir

Teikn. nr.:	Breytt:
Verk nr. SA36A	
Hannað:	